

1936

Lærið að tala.

Alvarlegur voði virðist nú vera á ferðum fyrir íslenska menningu, sem tæpast hefir verið athugaður eins og þörf er á. Það er að verða að tísku, að vera ekki vel talandi — svo að vægt sje að orði komist. Það væri áreiðanlega mikil þörf á því, að taka upp í skólunum talæfingar, ásamt æfingum í að rita málið. Mjer hefir komið til hugar, að nokkur heilræði geti í þessu sambandi að gagni orðið. Það er eðli norræns máls, að kveða að orðunum skýrt og fast. Og öll ónáttúra í meðferð stafssins „s“ — sem svo mikið ber á í sumum erlendum málum — er gersamlega ónorræn. Hjer á landi er mállyti betta farið að gera nokkuð vart við sig, en það er auðheyrt, að sumir þeir sem ekki geta sagt „s“ á undan „t“ eða í enda orðs, eru alveg óblestir í máli og geta vel

borið staf þenna rjett fram, ef þeir gera sjer far um. Munið eftir að hætta ekki við neitt orð fyr en það er talað til fulls. Tiltekin hljóð verða ekki framleidd nema með tilteknum hreyfingum talfæranna. Gefi einhver um að ræða hans skiljist, má hann ekki láta sjer nægja að muldra síðasta eða síðustu orð setningar, og einkum ber að forðast þetta ef talað er í útvarp. Orðafjöldinn á tilteknum tíma má ekki fara fram yfir eitt-hvað tiltekið, ef ræðan á að vera áheyrileg og skiljast til fulls.

Það mun vera óhætt að segja, að vönduð meðferð málssins í ræðu og riti, er miklu þýðingarmeira atriði en alment er halddið, og að vanþroski í tungumálum hefir átt mikinn þátt í að tefja fyrir framgangi menningarinnar.

27. ágúst.

Helgi Pjeturss.